

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 1.03.19
Ábmr.	Svfr.
Afgr. Jónbjörg	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.



Umhverfis- og tækniútskipti

Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Sími 480 5550
www.utu.is

Laugarvatni, 13. febrúar 2019
Tilvísun: 1902023 SB

Efni: Árnes; Deiliskipulagsbreyting. Endurskoðað deiliskipulag

Á fundi skipulagsnefndar þann 13.2.2019 var erindi þitt tekið fyrir og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:

Guðbjörg Guðmundsdóttir f.h. Skeiða- Gnúpverjahrepps leggur fram umsókn um skipulag, og tillögu dagsetta 6.2.2019 að breytingu á gildandi deiliskipulagi þéttbýliskjarna í Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Markmiðið með breytingunni er að laga skipulagsgrunninn til samræmis við raunveruleg lóðamörk skv. nýrri mælingu lóða og gatna innan þéttbýlisins í Árnesi. Nokkur eftirspurn er eftir lóðum undir par- og raðhús, en minni eftir stórum einbýlishúsalóðum. Nokkrar einbýlishúsalóðir eru því skoðaðar með það í huga og breytt í minni íbúðir. Deiliskipulagsbreyting þessi er í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, en þar koma fram reitir fyrir íbúðarbyggð, verslun- og þjónustu og stofnanir.

Helstu breytingar:

- a) Lóðarmörk við Heiðargerði og Hamragerði breytast til samræmis við mælingu og við það breytast einnig lóðarstærðir*
- b) Lega gatnanna Hamragerði og Heiðargerði breytist lítillega skv. hönnun*
- c) Byggingareitir á lóðum við Hamra- og Heiðargerði breytast*
- d) Gangstétt er færð austur fyrir Heiðargerði og ný gönguleið milli Heiðargerðis og Hamragerðis*
- e) Gönguleiðir breytast lítillega, nýjar gangbrautir yfir Skólabraut.*
- f) Lóðinni Hamragerði 1 er breytt í parhúsalóð*
- g) Lóðinni Heiðargerði 1 er breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð*
- h) Settar eru kvaðir um lagnir á lóðum*
- h) Bílastæði og aðkoma við Þjórsárskóla*
- i) Uppsetning skilmála breytist*

Skilmálar á upphaflegu deiliskipulagi voru gefnir upp með bókstöfum og númerum sem var nánar útlistað í skýringum. Í nýlegum breytingum hafa verið settir skilmálar fyrir einstakar lóðir og eru þeir birtir hér. Ásamt því skilgreina skilmála með bókstöfum eru nú einnig birtir skilmálar fyrir lóðir og kvaðir.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1.mgr. 41.gr. sömu laga.

Samþykkt skipulagsnefndar hefur verið send viðkomandi sveitarstjórn til staðfestingar.
Sá fyrirvari er á þessari tilkynningu um samþykkt skipulagsnefndar að sveitarstjórn staðfesti hana á næsta fundi sínum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Virðingarfyllt
Umhverfis- og tæknisvið
Uppsveita

Sigrún Erla Þorisdóttir

Sigrún Erla Þorisdóttir
Ritari skipulagsfulltrúa